



Fundargerð stjórnar HSÍ

Mánudaginn 12. febrúar 2024



Sjötti fundur 66. stjórnar HSÍ var haldinn í á skrifstofu HSÍ, mánudaginn 12. febrúar 2024 kl. 12.00.

Mættir voru Arnar Þorkelsson, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Kristín Þórðardóttir, Kristján Gaukur Kristjánsson, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir og Ragnar Lárus Kristjánsson.

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra og formanns
 - a. EM í handbolta
Rætt var um árangur karlalandsliðsins á EM í handbolta sem fram fór í janúar. Niðurstaðan var 10 sæti og náðust ekki markmiðin sem sett voru fyrir mótið. Mótið verður gert upp nú í febrúar og niðurstaða kynnt á næsta fundi. Næstu verkefni liðsins er æfingavika í mars og svo undankeppni EM í byrjun maí þar sem liðið leikur við annaðhvort Eistland eða Úkraínu.
 - b. Umsókn um HM 2029/2031
GBO kynnti stöðu umsóknar um HM 2029/2031. Bæði ríkisstjórn og borgarráð hafa samþykkt stuðningsyfirlýsingar og hefur ríkisstjórnin styrkt HSÍ um 3 milljónir vegna umsóknar Íslands. Næstu skjölum verður skilað til IHF núna í febrúar. Íslandsstofa hefur aðstoðað HSÍ við gerð umsóknarinnar.
 - c. Starfsmannamál
RG kynnti aðeins stöðu starfsmannamála. Verið er að leita af bókara í hlutastarf sem mun bera ábyrgð á færslu bókhalds. Þá þarf einnig að ráða inn íþróttastjóra og eða afreksstjóra en í raun er um að ræða 1,5 til 2 stöðugildi. RG mun senda starfslýsingar á stjórn.
 - d. Fjármál
HSÍ fékk úthlutaðar tæpar 85 milljónir úr afrekssjóði. Fjármálin eru í jafnvægi en mjög viðkvæm og þarf að passa vel uppá reksturinn framundan. Ljóst er að sumarið verður mjög kostnaðarsamt en u18 ára landslið kvenna fékk meðal annars boð um að fara á HM í Kína sem stjórn samþykkti.
 - e. Verkefnin framundan
Kvennalandslíðið leikur 2 leiki við Svíþjóð um næstu mánaðarmót í undankeppni EM. Fyrri leikurinn verður miðvikudaginn 28. Febrúar að Ásvöllum og sá síðari í Svíþjóð laugardaginn 2. mars.
 - f. Styrktaraðilar
Fara þarf í viðræður vegna endurnýjunar samninga sem eru á enda í lok árs 2024. Þá er einnig búningasamningur við Kempa á enda í lok ágúst og er RG að skoða möguleikana sem eru í boði.
3. Sjórnvarpsmál
RG kynnti stöðu sjónvarpsmála og hver staðan er á áskriftum og útsendingum. Lykilatriði er að koma yngri flokkunum í útsendingar í Handboltapassanum. Fundir verða teknir í vikunni varðandi næstu skref og verða þau kynnt á formannafundi.
4. Formannafundur
Halda þarf formannafund í febrúar þar sem þarf að ræða sjónvarpsmálin sem og umgjörð leikja. RG finnur tíma.



5. Fjárhagsstaða félaga

Fjárhagsstaða félaga er erfið og hafa ekki öll félög staðið skil á dómarareikningum. Til að geta jafnræðis samþykkir stjórn HSÍ að framkvæmdastjóra heimild til að beita þeim viðurlögum sem eru í reglugerðum verði dómaragjöld ógreidd 1. mars.

6. Önnur mál

Stefnt er að því að ársþing HSÍ verði haldið laugardaginn 27. apríl.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari